

Reykjanesbær kt. 470794-2169 og Karlakór Keflavíkur, kt. 501271-0129
gera með sér svofelldan

SAMNING

um framlög úr bæjarsjóði til Karlakórs Keflavíkur á árunum 2004-2006.

1. gr.

Reykjanesbær greiðir x krónur til Karlakórs Keflavíkur á ári í þrjú ár eða á árunum 2004-2006, að samþykktri fjárhagsáætlun bæjarins hverju sinni. Fjárhæðin er ótengd verðlagsbreytingum og helst því óbreytt út samningstímabilið.

2. gr.

Útborgun á framlögum Reykjanesbæjar sbr. 1. gr. verði tvær jafnar greiðslur á ári hverju, sú fyrri í janúar og sú seinni þegar lágmarki vegna umsaminna verkefna sbr. 3. gr. hefur verið náð, þó ekki fyrr en í októbermánuði.

3. gr.

- Karlakór Keflavíkur mun halda að lágmarki tvenna tónleika í Reykjanesbæ á hverju ári 2004-2006. Eins mun Karlakórinn koma fram við ýmis tækifæri önnur eftir nánara samkomulagi hverju sinni.
- Karlakórinn mun eins og fyrri ár og með svipuðu sniði taka þátt í viðburðum og hátíðarhöldum á vegum Reykjanesbæjar, s.s. Ljósanótt og þrettándanum.
- Kórinn leitist við að kynna starfsemi sína og auglýsa viðburði sína vel og býður karlmönnum á öllum aldri að taka þátt í starfsemi sinni.

4. gr.

Stjórn Karlakórsins skal í upphafi starfsárs afhenda menningarfulltrúa fyrirhugaða verkefnaáætlun og yfirlit yfir starf kórsins á fyrra ári ásamt árituðum ársreikningi.

5. gr.

Verði ekki staðið við þennan samning að hálfu Karlakórs Keflavíkur áskilur Reykjanesbær sér rétt til þess að endurskoða stuðning sinn og stöðva greiðslur þar til úr hefur verið bætt. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

6. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjanesbær, 6. febrúar 2003

f.h. Reykjanesbæjar

f.h. Karlakórs Keflavíkur

Árni Sigfússon, bæjarstjóri

Steinn Erlingsson formaður

Vottur:

Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi